



Fundargerð

400. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 10. nóvember 2016 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Þráinsson (VP) oddviti, Karl Kristjánsson (KK), Ágúst Már Gröndal (ÁMG), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG) og Sandra Rún Björnsdóttir (SRB). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð. Guðrún Guðmundsdóttir skrifstofustjóri sat fundinn undir lið 1.

Fundargerð rituð í tölvu og er þrjár blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá. Engin mál bárust. Oddviti leitaði afbrigða að taka mál 1. á dagskrá til umræðu áður en farið er í fundargerðir, var það samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 399. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 13. október 2016.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða. Undir liðinn var lögð fram athugasemd Björgvins M. Hallgrímssonar, Gufudal, við fund og fundargerð fjallskilanefndar, til kynningar.

2. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd 26. október 2016.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1 1004008 – Hunda- og kattahald í Reykhólahreppi.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir tillögu nefndarinnar um skráningargjald hunda og árgjald þar á eftir kr. 11.000, skráningargjald fyrir ketti og árgjald þar á eftir kr. 7.000 og föngunargjald kr. 7000. Sveitarstjórn samþykkir einnig tillögu um ráðningu dýraeftirlitsmanns og verklagsreglur vegna föngunar dýra. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

3. Stjórn Barmahlíðar 7. nóvember 2016.

Formaður stjórnar Barmahlíðar fór yfir fundargerðina.

3.1 1611004 – Nýr rammasamningur milli Sjúkratrygginga Íslands og hjúkrunarheimila um þjónustu hjúkrunarheimila.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir að Hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð segi sig á rammasamning á milli Sjúkratrygginga Íslands og hjúkrunarheimila um þjónustu hjúkrunarheimila. Samþykkt samhljóða. Sveitarstjóra falið að afla gagna og senda til staðfestingar til Sjúkratrygginga Íslands. Samþykkt samhljóða.

4. Dreifbýlisnefnd 27. október 2016.

Farið yfir fundargerðina. Málefnum vísað til umræðu hjá viðkomandi nefndum.

- *Salernismál ferðamanna, vísað í gerð fjárhagsáætlunar 2017-2020.*
- *Vatnsbólið í Króksfjarðarnesi, vísað til umsýðarmanns fasteigna og gerðar fjárhagsáætlunar fyrir árin 2017-2020.*
- *Tvöfalt sorpgjald, vísað til umhverfis- og náttúruverndarnefndar.*
- *Borholan á Kletti, sveitarstjóra falið að skrifa bréf til Orkubúsins um framtíðarnýtingu á borholunni.*
- *MAST-girðingar, sveitarstjóra falið að skrifa bréf til Matvælastofnunar varðandi sauðfjárvæðivarnarlínur í sveitarfélaginu og viðhald þeirra.*
- *Húsnæði fyrir brunadælu og brunakerru í Flatey, vísað til umsýðarmanns fasteigna og gerðar fjárhagsáætlunar fyrir árin 2017-2020.*

Samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu

1. 1610011 – Fjárhagsáætlun 2017-2020, fyrri umræða.

Drög að fjárhagsáætlun lögð fram á fundi.

Lögð eru fram drög að fjárhagsáætlun Reykhólahrepps 2017-2020. Skrifstofustjóri, Guðrún Guðmundsdóttir, fór yfir helstu tölur í áætluninni. Sveitartjóri leggur til að áætluninni verði vísað til nefnda og síðan til síðari umræðu. Samþykkt samhljóða.

2. 1611001 – Endurnýjun samstarfssamnings aðildarsveitarfélaga Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks.

Erindi frá verkefnastjóra Byggðasamlags um málefni fatlaðra dagsett 26. október 2016.

Farið yfir samninginn. Samstarfssamningur aðildarsveitarfélaga Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks samþykktur samhljóða. Sveitarstjóra falið að undirrita samninginn fyrir hönd sveitarstjórnar. Samþykkt samhljóða.

3. 1611002 – Ósk um aukafjárveitingu til brunamála.

Erindi frá Bjarna Þór Bjarnasyni f.h. Slökkviliðs Reykhólahrepps.

Farið yfir erindið, sveitarstjórn samþykkir fjármagn kr. 900.000 í kaup á nýjum slökkviliðsbúningum. Fjármögnun af tekjujöfnunarframlagi. Samþykkt samhljóða.

4. 1611003 – Ósk um viðræður um kaup á hlut Reykhólahrepps í Þórisstöðum.

Erindi frá Ólafi Gylfasyni formanni Þórisstaðafélagsins dagsett 28. október 2016.

Land Reykhólahrepps, Þórisstaðir 233-6905 landnr. 205851, er ekki til sölu. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um að selja landið og ekki er vilji fyrir því að taka slíka ákvörðun að svo stöddu, aðallega vegna mögulegrar vegagerðar um svæðið í náinni framtíð. Sveitarstjórn Reykhólahrepps hafnar því beiðninni. Samþykkt samhljóða.

5. 1611005 – Ársfundur náttúruverndarnefnda, Umhverfisstofnunar og forstöðumanna Náttúrustofa og umsýðaraðila friðlýstra svæða 2016.

Fundarboð sent frá Umhverfisstofnun 31. október 2016.

Sveitarstjórn sendir ekki fulltrúa að þessu sinni. Samþykkt samhljóða.

6. 1602007 – Mál frá nefndasviði Alþingis.

Drög að reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.

Sveitarstjórn veitir ekki umsögn um málið. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

1. 1401018 – Landsskipulagsstefna 2015-2026.

Útgáfa landsskipulagsstefnu send af Skipulagsstofnun 6. október 2016.

Landsskipulagsstefna 2015-2026 lögð fram til kynningar.

2. 1602008 – Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga 11. október 2016.

Fundargerð lögð fram.

3. 1603009 – Fundargerð 843. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18.30.

_____	_____
_____	_____
_____	_____